

**Sp.**

**522. Rökstudd dagskrá**

feld í Sp. 15. júlí.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson, Sveinn Ólafsson, Stefán Stefánsson, Einar Árnason, Guðjón Guðlaugsson og Sigurjón Friðjónsson.

(Till. til þingsályktunar um að landsstjórnin taki að sjer heildsölu á almennum þurftarvörum, á þgskj. 461).

Alþingi væntir þess, að landsstjórnin taki í sínar hendur heildsölu á þurftarvörum, ef nauðsyn krefur og fje er fyrir hendi, svo sem heimild er fyr-

ir í lögum nr. 5, 1. febr. 1917, 2. gr. 4. staflíð, og hlutist hins vegar til um, að innflutningsnefnd hafi náíð eftirlit með dreifingu þeirra um landið og útsöluverði kaupmanna á þeim, en leyfi eigi ótilhlýðilega mikinn innflutning á öðrum vörum, og tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.